

Reykjavík, 27. apríl 2017

## Úrskurður

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtudaginn 27. apríl 2017 vegna tilkynningar starfsmanns KLÍ, dags. 25 apríl 2017, þar sem tilkynnt var að lið KR-C hefði ekki mætt til keppni í 1. deild karla þriðjudaginn 25. apríl 2017.

Haft var samband við Braga Má Bragason, fyrirliða KR-C og óskað upplýsinga um hvers vegna það hefði ekki mætt umrætt sinn og öðrum sjónarmiðum sem liðið teldi að þyrfti að koma fram. Skýring hans var að ekki hefði verið haegt að manna liðið umrætt sinn þrátt fyrir tilraunir þess efnis.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ og skýringa KR-C

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsa liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B móturnum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið þar sem KR-C gat ekki mannað liðið umrætt sinn þrátt fyrir að hafa leitast við að keppa umrætt sinn, hafi liðið ekki haft slæman ásetning til að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta megi það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu og hækki við annað brot. Að mati nefndarinnar skal sekta lið sem ekki mætir til leiks nema veigamiklar ástæður samkvæmt 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða eigi við. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera.

Í ljósi framangreinds og þar sem KR-C mætti ekki til leiks í 1. deild karla þriðjudaginn 25. apríl 2017 og að um annað brot liðsins er að ræða, er það niðurstaða aganefndar að sekta KR-C að fjárhæð sem jafngildir þrefaldri brautarleigu.

## Úrskurðarorð

KR-C greiði KLÍ sekt að fjárhæð sem jafngildir þrefaldri brautarleigu

Gunnar Þór Ásgeirsson  
Hörður Ingi Jóhannsson  
Böðvar Már Böðvarsson